



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tillaga fulltrúa íbúasamtaka um tilnefningu í dómnefnd vegna þróunar Keldna og Keldnaholts

Á fundi íbúaráðs Grafarvogs 5. desember lagði fulltrúi íbúasamtaka fram svohljóðandi tillögu dags. 5. desember 2022:

Skipulagssamkeppni um þróun Keldna og Keldnaholts er í undirbúningi hjá Reykjavíkurborg. Um er að ræða mikilvægasta skipulagsverkefni í Grafarvogi í áratugi. Fyrirhugað er að átta manns taki sæti í dómnefnd samkeppninnar, þrír frá Reykjavíkurborg, þrír frá landeigendum og tveir erlendir sérfræðingar. Íbúaráð Grafarvogs leggur til við borgarráð að íbúaráð Grafarvogs og Íbúasamtök Grafarvogs fái að tilnefna fulltrúa í dómnefndina auk áðurnefndra átta fulltrúa. Einn fulltrúi komi frá íbúaráði Grafarvogs og annar frá Íbúasamtökum Grafarvogs.

Tillagan var samþykkt. Með hliðsjón af samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar er tillögunni hér með vísað til afgreiðslu borgarráðs.

Virðingarfyllst,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa